
DEILISKRÁNING Í SANDÁRTUNGU Í LANDI SKRIÐUFELLS VEGNA EFNISTÖKU



BRYNJA ÁRNADÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2024

FS993-24191



Forsíðumynd er af minjastað ÁR-263:053, horft til vesturs. Myndina tók Brynja Árnadóttir.

© 2024

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar í Sandártungu í landi Skriðufells í Árnessýslu. Úttektin var gerð fyrir Vegagerðina og Landsvirkjun vegna fyrirhugaðrar efnistöku austan Sandár – innan hins friðlýsta menningarlandslags Þjórsárdals. Úttektarsvæðið var um 4 ha og var hluti þess þegar kominn undir skógrækt. Svæðið er vel gróið en þýft og er þar einnig töluvert af hraungrýti. Tvær minjar voru skráðar, báðar á mörkum úttektarsvæðisins og voru þær skilgreindar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, Vegagerðin, Landsvirkjun, Árnessýsla, Þjórsárdalur.

Summary

This report covers the findings and conclusions of a detailed field survey of a 4 ha area, in Sandátunga that belonged to the farm of Skriðufell in Árnessýsla municipality, South of Iceland. The surveying was done in connection with a planned gravel mine in the area. Two archaeological sites were surveyed at the edge of the surveyed area and estimated to be in great danger due to planned work.

Keywords:


Institute of Archaeology (Iceland), detailed survey, The Icelandic Road and Coastal Administration, Landsvirkjun, Árnessýsla, Þjórsárdalur.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	9
4. Fornleifaskrá	11
5. Niðurstöður	14
6. Heimildir	15
Viðauki I: Minjakort	16

1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu innan 4 ha svæðis í Sandártungu í Þjórsárdal vorið 2024. Ástæða úttekta­rinnar var fyrirhuguð efnistaka á svæðinu. Svæðið er austan Sandár, um 240 m sunnan við Þjórsárdalsveg, innan jarðarinnar Skriðufells.



Mynd 1: Staðsetning úttekta­rs­væðis í landi Skriðufells. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Á innfeldu korti er staðsetning úttekta­rs­væðisins sýnd á Íslandskorti.

Árin 2018-2019 vann Fornleifastofnun Íslands aðalskráningu fornminja í Þjórsárdal fyrir Skeiða-og Gnúpverjahrepp. Hluti skráningarinnar var uppfærsla á eldri skráningu og horft var til menningarlandslags dalsins í heild sinni. Í þeirri skráningu voru 52 fornleifar skráðar á jörðu Skriðufells.¹ Engar þekktar fornleifar voru innan

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021.

úttektarsvæðisins en tvær fornleifar sem skráðar voru árið 2018 voru skammt utan þess og ekkert rask verður á þeim.²

Vettvangsvinna fór fram í maí 2024 og úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi af Brynju Árnadóttur fornleifafræðingi undir stjórn Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur. Við skráningu var gengið skipulega um allt úttektarsvæðið, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki minjar mæld upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Tvær mögulegar fornleifar voru skráðar, báðar á mörkum úttektarsvæðisins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort.

² <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörðar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-263:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-263:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti,



Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-263 Skriðufell

1686: 23 hdr 80. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 23 hdr 40. Jörðin hafði þá verið í eyði síðan 1693, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216.

1847: 8 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 64.

1540: Minnisgreinar Gizurar biskups: "Jtem er siera Einar ecki mann til ad hafa þjngin sem er Nups kyrkiu med bænhusinu skridufelli og haga. þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi," DI X, 563.

1615: "Um austurskogana j Ärnessyslu fyrir vtan Piotzä og þeirra ørnefni nordur fra Sandartungu. [...] Jtem sagdist greindur Bryniolfur Eyolfsson hafa bvid [...] v är allz ä skridufelle," DI XIII, 168-169. "Kallstader, forn eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni í úthögum, og hefur ekki bygð verið í manna minni," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 217. Til Skriðufells falla einnig eftirtaldar eyðijarðir: Áslákstunga fremri, Áslákstunga innri, Fagriskógur og ónefndur bær í Grjótárkrók.

"Skógarítök tvö á staðurinn [Steinsholtt (ÁR-272)], annað í Skriðufellslandi þar sem Dímon heitir, en annað í Sandártúngulandi, hált Þórðarholt. Þessi ítök hafa brúkast langvarandi átölulaust, en eyðast mjög fyrir sandfalli úr Heklu og so lángsamlegri brúkun," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 223.

"Skógarítak á jörðin [Hamrar (ÁR-275 og ÁR-276)] í Skriðufellslandi í takmörkuðu plátsi, þar sem heitir Dímon; það brúkar jörðin átölulaust, en eyðist nú mjög," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 225.

"Skógarítak á jörðin [Háholt (ÁR-281)] í Skriðufellslandi, norðanvert í Dímon. Það hefur brúkast til kolgjörðar og eldiviðar, en eyðist nú mjög," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 230. Árið 1896 voru 4 bæjarhús og 8 peningshús í Skriðufelli. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 bæjarhús og 7 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.

"1937, þegar Skriðufellið komst í eigu Skógræktar ríkisins, voru höfð makaskipti á landi við Flóa- og Skeiðahreppa. Þannig féll hluti af landi jarðarinnar undir afrétt Flóa- og Skeiðamanna, en hluti af afréttinum kom á móti," segir í örnefnaskrá BJ, 1.

"Sama ár 1938 eru höfð makaskipti milli Skógræktar ríkisins og hreppsnefnda Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps, um að:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar sem liggur úr kletti við Sandá, norðan Háholtsskógar, norður fyrir Reykholt, austan Rauðukamba, inn með Fossá, að Háafossi, fyrir það land sem um getur í 2. grein.

2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd

Skriðufells í Gnúpverjahreppi, ofan og vestan fyrrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétti fyrir það land sem um getur í 1. grein,” segir í örnefnaskrá BG, 5.

Ekki er föst ábúð á Skriðufelli. Íbúðarhúsið er nýtt sem heilsárshús, hluti er kominn undir sumarbústaði og skógræktin nýttar aðra hluta jarðarinnar.


Túnakort 1919: Tún 8,65 ha, allt slétt. Matjurtagarðar heima og utan túns 6,6 harar.

“Skógur til eldiviðar bjarglegur, til kolgjörðar mjög eyddur. [...] Túninu granda skriður og jarðföll úr brattlendi, ogso sandfjúk og vikur til stórskaða og eyðileggingar. Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum og sandfoki, og verður þá að þíða sjó fyrir menn og fjenað,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216-217.

“[Jörðin] liggur að afrétti Flóa- og Skeiðammanna, fjallendi að mestu og hlíðarnar skógi vaxnar. Fram yfir 1930 voru nokkur hlunnindi af eldiviðartöku til heimilisnota og sölu í næsta nágrenni. Mýrlendi í Skriðufellsnesi hefur nú verið ræst fram og ræktað í tún. [...] Fjallendið hefur verið tekið til skógræktar, en tún og annað undirlendi verið nýtt til búskapar [...]. Hlunnindi eru af vikurtekju og silungsveiði í Fossá,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 347.

ÁR-263:053 tóft óþekkt


A 453211 V 399825



Tóft ÁR-263:053. Á ljósmynd er horft til norðurs. Á uppmælingunni má sjá að stór hluti þústar er norðan við mörk úttektarsvæðis sem merkt eru sem rauð lína á myndinni.

Tóft er norðvestast á mörkum deiliskipulagsreits þar sem fyrirhugað er að hefja námuvinnslu. Hún er á grasivöxnu svæði og er mikil trjárækt í kringum hana. Tóftin er ferhyrnd. Hún er um 4 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,4 m á hæð. Í vesturhlið hennar má sjá að hún er hlaðin úr einfaldri steinaröð en þar er rofasár í hana og hefur tré þar fest rætur. Almennt er tóftin gróin og er innanmál hennar því illgreinanlegt og hvorki að sjá innri brún eða inngang. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað en hún líkist helst heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Garðlag ÁR-263:054. Á ljósmynd horft til VNV. Á uppmælingunni sést vel að stærstur hluti hleðslunnar er sunnan við úttektarmörk (sem merkt eru með rauðu).

Steinaröð, líklegt garðlag er í suðvesturjaðri deiliskipulagsreitsins sem tekið var út í Sandártungu vorið 2024. Það er á grasivöxnu og smáþýfðu svæði. Þar að auki er það þéttvaxið lúpínu og eru einstöku trjáhríslur á víð og dreif. Hleðslan er L-laga, snýr norðaustur-suðvestur og er um 9 m á lengd og 1 m á breidd. Frá suðvesturenda gengur um 1 m steinaröð til suðausturs og myndar þannig horn. Ekki sjást önnur ummerki um steinaraðir í kring. Hleðslan er einföld röð hraungrýtis sem er aðeins 0,5 m hæð. Í hleðslunni eru trjáhríslur sem munu líklega valda töluverðum skemmdum á henni þegar þær vaxa. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðslan gegndi og ekkert er vitað um aldur hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður fornleifaskráningar innan 4 ha deiliskipulagsreits í Sandártungu í landi Skriðufells, Árnessýslu. Áhrifasvæðið er fast austan og sunnan ármóta Sandár og Þjorsár þar sem efnistaka er fyrirhuguð. Skógrækt ríkisins, nú Land og Skógur, hefur þegar hafið talsverða skógrækt á þessum slóðum og er nokkur trjágróður bæði innan og utan úttektarsvæðis.

Tvær fornleifar voru þekktar úr eldri skráningarverkefnum nærri úttektarsvæðinu, en báðar eru þær skammt utan þess. Engin fornleif var þekkt innan úttektarsvæðisins áður en þessi skráning fór fram. Við úttektina fundust tvær minjar, báðar á mörkun úttektarsvæðisins. Umræddra staða er ekki getið í heimildum svo að vitað sé og hefur þeim þegar verið raskað töluvert af gróðri og trjám. Báðar minjar eru metnar í stórhættu vegna framkvæmda en þar sem þær eru á jaðri svæðisins má ætla að auðvelt ætti að vera að hlífa þeim við raski vegna efnistökkunar.

Árið 2020 urðu nokkur tímamót í sögu Þjorsárdals þegar menningarlandslag dalsins var friðlýst í heild sinni og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert hérlandis. Markmiðið með friðlýsingunni var að vernda þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningarlandslagi Þjorsárdals. Friðlýstar fornleifar hafa 100 m helgunarsvæði úr frá ystu sýnilegu mörkum minja og gildir það því um allar fornleifar innan friðlýsta svæðisins. Sökum þessa er ætíð varlega stigið niður í framkvæmdum í Þjorsárdal en ákvörðun um hvort einhverra mótvægisáðgerða verði krafist vegna áætlana um efnistöku í Sandártungu er í höndum Minjastofnunar Íslands.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. (DI) 1857-1972. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Friðlýsingarskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (JÁM). 1913-1917. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. (JJ). Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Slóðin er: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Minjastofnun Íslands. Minjavefsjá. Slóðin er: <https://www.map.is/minjastofnun/>

Minjastofnun Íslands. 2020. *Menningarlandslag Þjórárdals. Friðlýsing*. Slóðin er: <https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/Fridlysing-Thjorsardals-rokstudningur-og-vidhengi.pdf>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla II: Þjórárdalur og nærliggjandi jarðir*. FS831-18231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. Árnessýsla. 1979. (SSÁ). Reykjavík: Sögufélag

Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. (SB) 1980. I bindi. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Suðurlands.

Óprentaðar heimildir:



Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2024. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Skriðufell BG: Örnefnaskrá Skriðufells. 1976. Böðvar Guðmundsson skráði. Árnastofnun.

Ö-Skriðufell BJ: Örnefnaskrá Skriðufells. 1980. Björn Jóhannsson skráði. Árnastofnun.

Viðauki I: Minjakort

Kort á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



0 25 50 75 100 m

